DESEMBER // 18 // 2020

BOLUNGUR

FRÉTTABRÉF GRUNNSKÓLA BOLUNGARVÍKUR

Desember

MEÐ ÖÐRU SNIÐI EN VANALEGA

Það eru fleiri hefðir í grunnskólanum en að hengja upp jólamyndir í glugga. Í ár þurftum við að aðlaga okkur ákveðnum takmörkunum en við reyndum að láta nemendur ekki finna of mikið fyrir því. Aðventusöngur í holi hefur verið fastur liður á aðventu, þar sem allur skólinn hefur komið saman og sungið. Núna skiptum við okkur upp í hópa og jólalögin glumdu um skólann allan morguninn. Árlegi Tarzanleikurinn var fámennari en vanalega en vonandi jafn skemmtilegur. Jólamaturinn var einnig hólfaskiptur og sömuleiðis verða Litlu jólin með öðru sniði en vanalega. Desembermánuður hefur einkennst af uppbroti á stundatöflum nemenda, smákökuilmi og söng.

Jóngunnar Biering tónmenntakennari spilar undir aðventusöng með yngsta stigi.

Jólaguðspjallið og jólasveinarnir Fyrstu myndirnar fóru upp 1981 og er þessi hefð því 40 ára þetta skólaárið.

Lýðræði og mannréttindi

NEMENDAÞING

Annar grunnþátturinn sem unnið var með á þessari önn var Lýðræði og mannréttindi. Lítil nemendaþing fóru fram á hverju stigi fyrir sig. Í fyrstu unnu nemendur í stórum hópum að hugmyndum, síðan var skipt í minni hópa eftir áhugasviði nemenda. Hóparnir gerðu kynningar sem kynntar voru fyrir stjórnendum. Upphaflega áttu fulltrúar af hverju stigi að heimsækja hin stigin með kynningu eða bjóða öðrum stigum til sín. Þar sem við erum í hólfum var það ekki mögulegt, en kynningarnar fóru fram sem fyrr segir þannig tókst að klára þetta verkefni.
Á þessu þingi skoðuðu nemendur skólann sinn. Á yngsta stigi kynntu nemendur hvað væri gott við skólann þeirra, hvað þyrfti að laga, hvað vantaði eða þyrfi að bæta, skoðun þeirra á heimaþjálfun og hvernig góður kennari er. Miðstigið ræddi valgreinar, skólalóðina, tæknibúnað, kennsluhætti, fjarkennslu og framtíðarskólann. Á unglingastigi greindu nemendur hvaða þætti í skólastarfinu þeir gættu haft áhrif á til að gera skólann okkar betri.
Það voru margar áhugaverðar niðurstöður kynntar, nemendur á yngsta stigi telja að skólalóðin okkar gæti verið betri með fleiri leiktækjum eins og rennibraut og kastala, að stöðvavinna mætti vera oftar og upphífingartæki inni í skólanum. Miðstigið vildi sjá klúbbastarfssemi eftir skóla, fleiri Ipada, köngulóarrólu á skólalóðinni, meira val og lengri íþróttatíma og frímínútur. Unglingastig sá að þau gætu m.a. haft áhrif a frímínútur og félagslíf, valgreinar og íþróttir.

Hlutverk kennara eru margvísleg en samkvæmt nemendum á yngsta stigi er góður kennari: **Kennari sem er ofurhetja** 😊

DAGATAL

Dagatalsvinna á unglingastigi

Borið í öll hús í Bolungarvík

SÓLVEIG BIRNA STEFÁNSDÓTTIR OG ÓLÖF MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR

Síðustu vikur hafa nemendur á unglingastigi verið að safna styrkjum til að gera dagatal. En það er ný fjáröflunarleið fyrir næsta skólaferðalag. Vegna samkomutakmarkanna var ekki hægt að halda íþróttahátíð og óvíst með aðrar fjáraflanir, þannig að nemendur á unglingastiginu ákváðu í sameiningu að gera dagatal fyrir árið 2021.
Við hringdum í flest öll fyrirtæki á svæðinu og nokkur stór fyrirtæki á Íslandi og buðum þeim að kaupa auglýsingu eða mynd í dagatalið sem við ætlum að dreifa í hús í Bolungarvík og í fyrirtækin sem styrktu okkur.
Það sem var í boði var ein litil auglýsing sem kostaði 10.000 kr, tvær litlar á 17.000 kr, þrjár litlar á 25.000 kr, fjórar litlar á 30.000 kr og ein stór kostaði 50.000 kr.

Vinnan við dagatalið gekk vel, margir voru að hringja í fyrsta skipti í ókunnuga einstaklinga og fannst það svolítið erfitt. En við fengum svo góðar viðtökur að það gleymdist fljótt. Við þurftum einnig að skrifa reikninga og fara með þá í fyrirtækin sjálf sem var mjög nýtt fyrir flest okkar.
Við viljum þakka öllum þeim sem styrktu okkur, og viljum einnig þakka kennurum á unglingastigi fyrir alla hjálpina.

Fyrir hönd nemenda á unglingastigi, Sólveig og Ólöf

Guðmundur Páll, Gunnar Egill og Sigurgeir. Benjamín Árni var ljósmyndari.

Hugrún, Hafdís og Alberta 5. bekk

Sleðaferð Miðstig

Mánudaginn 7. desember skelltu nemendur á miðstigi sér saman á sleða, við fórum öll saman upp að Hólskirkju og renndum okkur þar niður ófáar ferðir, við fórum í stígasleða rallý og fleira skemmtilegt, við fengum alveg ofboðslega gott veður og skemmtu nemendur og ekki síður starfsfólk sér ótrúlega vel.

Jólakveðja miðstig

„Þetta er svo mikið mikið gott“

"Þetta er svo mikið, mikið gott" var lýsing eins nemanda á yngsta sigi þegar kennarar hópsins gáfu hópnum heitt súkkulaði í hinni árlegu ferð hópsins í Bernódusarlund nú í desembermánuði. Þessi ferð yngsta stigs með vasaljós, nesti og heitt súkkulaði hefur verið árlegur viðburður á aðventunni síðan árið 2014. Þrátt fyrir að veðrið hafi verið allskonar á þessum árum hefur skógræktin farið svo vel með hópinn að í minningunum er alltaf gott veður.
Heyra mátti hlátrasköll innan úr trjánum og blik frá ljósum en það er svo spennandi að vera í myrkrinu með vasaljós og leika sér frjáls um svæðið. Oft hafa líka undarleg spor fundist í snjónum og þá er spurning hvort þar hafi ef til vill verið jólasveinar eða sjálfur jólakötturinn á ferð.
Um leið og kallað er "nesti" koma krakkarnir hlaupandi út úr myrkrinu og hópa sig saman með nestisboxin sín og bíða eftirvæntingarfull eftir heitu súkkulaði.
Allir skemmtu sér hið besta eins og ævinlega, eins og myndirnar sýna.

„Nesti“

Jóhanndína, Sigurbjörg Ásta og Laura

Myndir úr skólalífinu

Jólahurðir

Aðventukransar á hverju stigi